

Fagráðsfundur 30. janúar 2008 kl 13:00 Bændahöllinni v/Hagatorg.

Mættir:

Þórólfur Sveinsson, Svana Halldórsdóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Magnús B. Jónsson, Einar Matthíasson, Bragi Líndal Ólafsson, Grétar Hrafn Harðarsson, Gunnar Guðmundsson, Sigurður Loftsson og Baldur Helgi Benjamínsson. Þórarinn Leifsson með í gegnum síma

Halldór Runólfsson boðaði forföll.

Fundur settur af formanni Þórólfi Sveinssyni kl. 13:00

Ritari : Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir.

Fundargerð síðasta fundar rædd stuttlega og þá sérstaklega á hvaða formi fundargerðir fagráðs skulu ritaðar. Samþykkt að í fundargerðum skuli alla jafna aðeins koma fram niðurstöður en ekki umræður um einstök mál. Fundargerð síðasta fundar lögð fyrir og samþykkt. Verður sett til birtingar á vefnum í kjölfarið.

Fyrsta mál. Skipan í ræktunarhóp:

Formaður ber fram tillögu sína að skipun hópsins til eins árs í senn.

Baldur Helgi Benjamínsson

Friðrik Jónsson, ráðunautur

Guðmundur Jóhannesson

Guðmundur Steindórsson

Guðný Helga Björnsdóttir

Gunnfríður Hreiðarsdóttir, landsráðunautur í nautgriparækt

Magnús B. Jónsson, landsráðunautur í nautgriparækt, formaður

Sigurgeir Hreinsson

Ráðgjafar, Sveinn Sigurmundsson, Sigurmundur Guðbjörnsson og Sveinbjörn

Eyjólfsson með málfrelsi og tillögurétt.

Breyting frá núverandi skipulagi er sú að Baldur Helgi Benjamínsson kemur einn í ræktunarhóp en hefur áður setið sem ráðgjafi

Rætt er um núverandi skipan og til hversu langs tíma. Bent er á að ekkert eiginlegt form sé á skipaninni og því hugsanlega gott að skipa til styttri tíma nú og reyna að koma einhverri reglu á skipan í ræktunarhóp.

Rætt um hvort reglur séu um skipan fagráðs og skipulag. Einnig ábyrgð og ákvarðanir fagráðs. Vísað er í reglur um kynbótanefnd og spurningunni hvort fagráð hafi stjórnskipulegt vald, varpað upp. GG leggur fram álit Más Péturssonar um hlutverk fagráðs.

Gerð tillaga að því að sest verði yfir það hver eigi að skipa í ræktunarhóp og hvort setja eigi reglur um hæfi. Leitað eftir tillögum um aðra aðila en hér eru nefndir að ofan og/eða athugasemdum við áður nefnda tillögu. Gerð athugasemd við að í tillögunni séu ákveðnir einstaklingar taldir upp sem ráðgjafar eðlilegra sé að gert sé ráð fyrir að ræktunarhópur kalli til ákveðna aðila sem þeir telja rétt hverju sinni. Þó verðið Sveinbjörn Eyjólfsson tilnefndur sem fastur aðili til setu á fundum ræktunarhóps með fullan tillögu rétt og málfrelsi því eðlilegt sé að forstöðumaður nautastöðvar BÍ sækir fundi ræktunarhóps

Gengið til atkvæða um tillögu formans: 3 greiða atkvæði með en 2 sitja hjá.

Tekið fyrir erindi LbhÍ vegna verkefnisins ***Samanburður á kjarnfóðurlöndum með fiski- eða plöntupróteinum fyrir mjólkurkúr – áhrif á nyt ogefnamagn mjólkur.***

Formaður leggur til að umsóknin verði samþykkt. Gerð var tillaga um að þessu yrði ekki vísað til Framleiðnisjóðs heldur fái fé úr þróunarsjóð mjólkursamningsins. Spurt hvort tímabil og fjöldi gripa sé nægur til að fá niðurstöðu. Grétar Hrafn sem er aðili að umsókninni svarar því til að hann telji að svo sé. Rætt um aðferðafræði og þær efnamælingar sem framkvæmdar verða.

Menn eru almennt hlynntir því að rannsóknin verði gerið kalla eftir því hvort niðurstöður komi fyrir og hraða því að niðurstöður komi fram.

Spurt eftir andmælum fyrir því að fagråd mæli með því að þessi tilraun verði gerð og til þess veitt fé úr þróunarsjóði mjólkursamnings.

Engin andmæli og tilagan talin samþykkt.

Tekin til umfjöllunar umsókn Andreu Ruggeberg til framleiðnisjóðs landbúnaðarins vegna verkefnissins *Velferð mjólkurkúa í lausagöngufjósum á Íslandi*.

Fundarmenn lýsa áhuga á verkefninu en jafnframt að uppsetning verkefnisins sem verkefni einstaklings sé ekki nægjanlega sterk og nauðsynlegt að amk. einhverskonar fagnefnd komi að málinu. Ljóst er að hlutar verkefnisins geti staðið sjálfstæðir og að verkfæri, sem áætlað sé að nota, séu alþjóðlega viðurkennd. Stór veikleiki sé hins vegar að bakland sé ekki sterkt. Tillaga er gerð að því að fagråd setji þau skilyrði við meðmæli að LbhÍ komi að verkefninu því menn eru sammála um að það sé forsenda fyrir verkefninu.

Niðurstaða: Fagråd telur A-hluta áhugaverðan en mælir ekki með B-hluta verkefnisins. Fagråd telur þó að forsenda að meðmælum við A-hluta sé að LbhÍ komi að verkefninu og taki á því faglega ábyrgð.

Tekin eru til stuttlegrar umfjöllunar réttindi og skyldur bænda. Rætt um hverjir eiga að koma að þessu, talað um skýrsluhald hérlendi og t.d í Noregi. Talað um að ástæða sé til að taka á í nautgriparæktinni. Hvort að fjármagn verði sett í gæðastýringu og að það taki ákveðin tíma að setja slíkt á legg. Gæði ganga og kostnaður ræddur.

Tekin til umræðu nýting mjólkur til ostagerðar með hliðsjón af skýrslu SAM
“Greinargerð um íslenska mjólkurmarkaðinn og atriði sem hafa þýðingu við mat þörf fyrir aukna hagkvæmni í mjólkurframleiðslu”

Munur á nýtingu mjólkur úr einstökum kúakynjum hvað varðar einstaka eiginleika. Hver og hvernig á að afla gagna. Áréttað er mikilvægi þess að leita sér þekkingar, og að gera sér grein fyrir því hvernig framtíðartækni verður. Spurt er hvort vinnslutími sé ekki mikilvægur þáttur hvað þetta varðar.

Spurt er hvort til sé einhverskonar alþjóðlegt miðlægt upplýsingasafn sem SAM hafi aðgang að og geti notað sér. Einar beðin að skoða það mál.

Tekin eru fyrir önnur mál.

Formaður tilkynnir að Landbúnaðarráðuneytið hafi samþykkt að stofna stafshóp matvælastofnunar og LK til að meta garna veikismithættu.

Rætt er um hvort halda eigi ársfund í tengslum við aðalfund LK eins og gert hefur verið. Þar sem bændafundir séu oft illa sóttir standi þeir einir og sér. Rætt um staðsetningu og tíma. Tillaga gerð að fyrstu viku eftir páska. Rætt um efni fundar og það mál sett í hendur fagaðilum.

Stefnt að því að ræða við MS varðandi fundarstað.

Baldur Helgi segir frá hugmyndum bónda um framleiðslu á Kobe nautakjöti. Rætt um nautakjötsframleiðslu og hvort nautakjötsframleiðendur sé útundan. Óásættanlegt sé að flokkun á nautakjöti fari eftir farmboði á kjöti. Þörf sé á að taka upp umræðu hvað þetta varðar. Tillaga gerð um að málið verði tekið fyrir á næsta fundi. Fleira ekki rætt

Fundi slitið 15:30